



## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 11. júní 2024, fundur hófst kl 20:00.

**Staður:** Fundarherbergi Spretts

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Hermann Vilmundarson, Haraldur Pétursson, Lárus Sindri Lárusson, Katla Gísladóttir og Sigurbjörn Eiríksson. Fjarverandi var: Davíð Áskelsson

### 1. Fjármál félagsins

Farið var yfir fjármál félagsins, eitthvað útistandandi ógreitt og ekki mikið innstreymi framundan næstu vikur. Rætt var um bókhaldspjónustu. Fara þarf yfir tekjur og kostnað tilraunaverkefna sem sett voru af stað í fyrra, spónaþjónustuna og taðhirðuna. Haraldur tekur að sér að fara reglulega í pósthólfið á Dalvegi, nr. 53.

### 2. Starf framkvæmdastjóra

Búa til starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra og leggja áherslu á að ábyrgðin sé á rekstri allra félaganna, Spretti, Rekstrarfélaginu og Fasteignafélaginu. Leggja þarf áherslu á viðhald fasteigna. Ákveðið var að stofna „framkvæmdanefnd fasteigna“, Hermann leiðir og hefur samband við þá sem sýnt hafa þessu máli áhuga.

### 3. Kynbótasýningar

Erla kom á fundinn og fór yfir sýninguna sem af er vikunni. Jónína heyrir í Hauki á fimmtudaginn með vallarumsjón fyrir seinni sýninguna.

### 4. Fundur með Garðabæ

Jónína hitti Almar bæjarstjóra og fór yfir stöðuna hjá Spretti, hann var vel meðvitaður um starfsemi félagsins. Hann nefndi fundinn með VSO um félagsaðstöðuna og fannst þetta ansi stór framkvæmd. Mikilvægt er að Sprettur, Kópavogur og Garðabæ séu samstíga í málefnum er snúa að Spretti. Fundur með bæjarfélögunum er fyrirhugaður í lok sumars.

### 5. Veislusalur

Kominn er hópur sem til er í að taka að sér umsjón með veislusalnum þar til varanleg lausn finnst. Hópurinn setur sig í samband við núverandi umsjónaraðila til að setja af stað þekkingaryfirfærslu. Núverandi umsjónaraðilar hafa staðið sig vel í sínum verkefnum fyrir Sprett og þakkar stjórn þeim vel fyrir þeirra framlag.

### 6. Landsmótsfarar

Knapagjafir ræddar, bara hugsaðar fyrir yngri flokka. Fóðurblandan, Lífland, Landsstólpi nefnd sem hugsanlegir styrktaraðilar.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson